



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 29/2019

Auglýsing Hreyfingar „ÆFÐU FRÍTT Í SUMAR!“

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Hreyfingar ehf., dags. 26. júní 2019, var greint frá því að stofnuninni hafi borist ábending frá neytanda vegna auglýsingar félagsins um árskort. Í bréfinu kom fram að í auglýsingunni segi m.a.: „ÆFÐU FRÍTT Í SUMAR!“ og „Þú æfir frítt til 1. ágúst 2019[...]“ þrátt fyrir að svo virðist sem skilyrðið fyrir því sé að aðili kaupi árskort hjá félaginu. Neytendastofa teldi að ákvæði 1. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæðis 20. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, kæmu til skoðunar í málinu.

2.

Svar Hreyfingar barst Neytendastofu með tölvupósti, dags. 4. júlí 2019. Í svarinu kom fram að Hreyfingu þyki miður að kvartað hafi verið yfir auglýsingu félagsins um flott sumartilboð. Að mati félagsins séu skilaboðin mjög skýr til neytenda í umræddri auglýsingu, sbr. textann: „Tryggðu þér árskort á sérstökum sumarkjörum“. Ennfremur komi fram í textanum: Þú greiðir fyrir árskort en færð í kaupbæti frían aðgang í sumar. „Æfðu frítt í sumar“ gegn því að kaupa árskort komi mjög skýrt fram í textanum. „Þú æfir frítt til 1. ágúst 2019 og árskortid gildir til 1. ágúst 2020.“

Félagið geti ekki verið sammála því að hér sé um villandi viðskiptahætti að ræða heldur þvert á móti komi mjög skýrt fram að um sé að ræða sumartilboð þar sem hægt sé að kaupa árskort og fá þannig frían aðgang í sumar. Einnig megi benda á að þetta sé mjög algeng markaðssetning hjá fyrirtækjum hér á landi og víðar, t.d. bjóði símafyrirtækin fría áskrift fyrstu 2-3 mánuðina fyrir nýja viðskiptavini o.s.frv. Kjarni málsins sé því að ekki sé verið að beita blekkingum á neinn hátt.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 8. júlí 2019, var Hreyfingu tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.



II. Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar auglýsingu Hreyfingar um árskort á „*Sérstökum sumarkjörum*“. Í auglýsingunni segir m.a.: „*ÆFÐU FRÍTT Í SUMAR!*“ og „*Þú æfir frítt til 1. ágúst 2019[...]*“ þrátt fyrir að skilyrðið fyrir því sé að aðili kaupi árskort hjá félaginu. Í svari Hreyfingar kom m.a. fram að félagið teldi að ekki væri um villandi viðskiptahætti að ræða heldur kæmi það þvert á móti skýrt fram að um sé að ræða sumartilboð þar sem hægt sé að kaupa árskort og fá þannig frían aðgang í sumar.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla laganna, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er kveðið á um að viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða séu með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Í a.-g.lið 1. mgr. ákvæðisins eru taldar upp þær upplýsingar sem undir ákvæðið falla. Í bréfi Neytendastofu var vísað til d. liðar 1. mgr. 9. gr.:

„d. verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértílbod eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum,“

Í 2. mgr. 8. gr. laganna segir að ráðherra kveði í reglugerð á um þá viðskiptahætti sem teljist undir öllum kringumstæðum óréttmætir. Á grundvelli þeirrar heimildar hefur verið sett reglugerð nr. 160/2009 um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir. Í bréfi Neytendastofu var vísað til ákvæðis 20. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar:



„Að lýsa vöru með orðunum „ókeypis“, „frítt“, „án endurgjalds“ eða á móta orðalagi ef neytandinn þarf að greiða eitthvað annað en óhjákvæmilegan kostnað við að senda svar við viðskiptaháttum þessum og sækja eða greiða fyrir afhendingu hlutarins.“

3.

Í málinu er óumdeilt að Hreyfing auglýsti árskort með þeim orðum að það væri frítt yfir sumarið en skilyrði þess væri að keypt væri árskort hjá félaginu. Þrátt fyrir að í auglýsingunni komi fram verð árskorta Hreyfingar og að það gildi frá 1. ágúst 2019 til 1. ágúst 2020 þá ber einnig að líta til þess að yfirheiti auglýsingarinnar er „ÆFÐU FRÍTT Í SUMAR“. Að mati Neytendastofu er villandi að lýsa þjónustu með orðum eins og ókeypis eða frítt ef neytandi þarf að greiða fyrir aðra þjónustu til þess að fá eitthvað „frítt“. Notkun orðsins frítt í auglýsingunni felur í sér rangar upplýsingar um verð þjónustu og eru þessar upplýsingar líklegar til að valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá er fullyrðingin líkleg til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Hreyfing hefur því brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 auk 20. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009 með því að veita rangar upplýsingar um verð í auglýsingu félagsins.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 að banna Hreyfingu ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

III.

Ákvörðunarorð:

„Hreyfing ehf., Álfheimum 74, Reykjavík, hefur með því að veita rangar upplýsingar um verð í auglýsingu félagsins brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og d. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 20. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Hreyfingu ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 24. júlí 2019

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir